

# Náttúruvernd og nýsköpun

Turninum í Kópavogi 6. nóvember 2009



KÓPAVOGSBÆR






KÓPAVOGSBÆR

# Útivistarsvæði í Kópavogi

**Kópavogsdalur**



**Fossvogsdalur**



**Kríunes við  
Elliðavatn**







KÓPAVOGSBÆR

# Bæjarvernduð svæði



## Álfrhóll

Verndarflokkur: Bæjarvernd

Verndarforsendur: Menningarminjar, isaldarmenjar

Frægasti bústaður álfa í Kópavogi er Álfrhóll við Álfrhólsveg. Þetta er stórgrýttur grasi gróinn hóll sem gengur út í götuna. Í hólnum er sagt að búi þrír álfar, einn gamall og tveir unglingsálfar; en að þeir hafi verið fleiri hér áður.

Fjórum sinnum er talið að álfar hafi haft áhrif á framkvæmdir við hólinn.

Byrjað var á lagningu Álfrhólsvegar seint á fjórða áratugnum. Veginn átti að leggja frá Hafnarjarðarvegi að Álfrabrekku og tengja við Nýbýlaveg. Vel gekk að leggja veginn út að Álfrhólnum en þegar þangað var komið og átti að fara að sprengja var framkvæmdafé uppuríð. Því er haldið fram að álfar hafi komist í bókhalð bæjarins.

Áratug síðar átti að hefja framkvæmdir aftur. Fyrsta skrefið var að ryðja burt hólnum en þegar þær framkvæmdir hófust fóru dularfullir atburðir að gerast. Vinnuvélar biluðu, verkfæri skemmdust og mörg þeirra hurfu á óskiljanlegan hátt. Hætt var við að ryðja burtu hólnum og var settur hlykkur á veginn fram hjá honum.

Í lok níunda áratugarins átti að endurbæta veginn. Framkvæmdirnar gengu mjög vel þar til ráðgert var að leggja malbik upp að hólnum. Fjarlægja átti hluta hólsins en til þess átti að nota öflugan steinbor

tengdan kraftmikilli loftpressu. Þegar menn hófust handa við að bora í klöppina þá brotnaði borinn. Það dugði heldur ekki til að ná í annan bor því allt fór á sama veg og segja sjónarvottar að hann hafi hreinlega kubbast í sundur. Í kjölfar þessa neituðu verkamenn að koma nálægt hólnum með vélar og verkfæri. Vegaskipulaginu var breytt og er þarna þrönging og hraðahindrun á veginum ásamt gangbraut sem þjónar vel þeim börnum sem sækja Digranesskóla.

Áhrifum álfa var þó ekki lokið. Lóðunum austan við hólinn var úthlutað á níunda áratugnum og þar á meðal var lóðin Álfrhólsvegur 102, sú sem næst liggur hólnum. Eigandi lóðarinn hóf þar aldrei framkvæmdir heldur skilaði hann lóðinni með þeim skýringum að honum litist ekki á lóðina og vildi ekki byggja þar. Að öðru leyti vildi hann sem minnst um málið segja. Hvort sem álfum var um að kenna eða ekki þá er enn ekkert hús númer 102 við Álfrhólsveg og fellur lóðin ásamt hólnum nú undir bæjarvernd.

Hvort sem um er að ræða álfa, röð tilviljana eða ókunnug öfl þá er Álfrhóllinn athyglisvert kennileiti í bænum. Ornefnið er hluti af sögu bæjarins og álfasögurnar af þessum skemmtilega stað gefa tilefni til mikilla vangaveltna.

## Trjálundir í Digraneshlíðum við Digraneskirkju



## Digranesbærinn





KÓPAVOGSBÆR

# Bæjarvernduð svæði

Kópavogsleira



Fossvogsleira



KÓPAVOGSBÆR

# Bæjarvernduð svæði





KÓPAVOGSBÆR

# Náttúruvætti

Tröllabörn í Lækjarbotnum



Borgarholt





KÓPAVOGSBÆR

# Fólkvangar



Kleifarvatn í  
Reykjanesfólkvangi

Bláfjallafólkvangur





KÓPAVOGSBÆR

# Friðlýstar þjóðminjar

Þingnes við Elliðaavatn




Þinghóll



KÓPAVOGSBÆR

# Guðmundarlundur



Hermannslundur í  
Guðmundarlundi

